



## Drög lögð fram til samþykktar á ÍTH fundi 28. janúar 2013

### Sumarráðningar starfsmanna 2013 - Umsóknarferli

#### Almennar vinnureglur við ráðningar sumarstarfsfólks hjá Hafnarfjarðarbæ 2013

1. Öll sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ verði auglýst laus til umsóknar og allar umsóknir fari í gegnum sama farveg. Hver umsækjandi sendir eina umsókn sem verður á vef Hafnarfjarðarbæjar og Þjónustuveri en getur á umsókninni valið um fleiri en eitt starf og óskað eftir að vinna ákveðin tímabil.
2. Sumarstörf verði auglýst eigi síðar en 20. mars og tekið verði við umsóknum frá 20. mars til 5. apríl árið 2013.
3. Ekki verði tekið við neinum umsóknum eftir að umsóknarfresti lýkur.
4. Ráðningartími í flest störf er um 7 vikur fyrir 18 ára og eldri eða um 200 klst. en um 6 vikur fyrir 17 ára og starfar sá hópur samtals í um 125 klst.
5. Forgangshópur vegna ráðningar eru þeir sem eiga lögheimili í Hafnarfirði.
6. Þeir sem eru án sumarvinnu hafa forgang vegna ráðningar í sumarstörf. Þeir sem eru á launum eða lífeyri s.s. í orlofi, fæðingarorlofi, launuðu námsleyfi eða ellilífeyri fá ekki sumarvinnu.
7. Horft verði til umsagnar (skv. matskerfi úr Vinnuskóla og / eða Garðyrkjustjóra) við val á starfsfólki, þar sem við á. Fulltrúar Vinnuskólans og Garðyrkjustjórans ráða sumarstarfsmenn og fulltrúar íþróttafélaga þá sem munu starfa þar.
8. Aldurstakmörk sem kynnt eru í upplýsingum um störf verði virt við ráðningar.
9. Stefnt er að því að öllum umsækjendum verði svarað með formlegum hætti í síðasta lagi í byrjun maí. Skrifstofa Vinnuskólans ber ábyrgð á því að svara umsækjendum.
10. Gætt verði jafnræðis við ráðningar sumarstarfsmanna, t.d. hvað varðar kyn.

*Íþrótt- og tómstundanefnd samþykkir ofangreindar reglur.*